Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020:

Könnunarskurðir vegna undirbúnings verkefnisins *Tveir dalir*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2023
FS907-18202

Mynd 1: Á forsíðumynd er horft yfir Syðra-Tungukot, horft til norðurs. Myndina tók Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©Fornleifastofnun Íslands ses 2023
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur ***7***

2. Aðferðafræði ***9***

3. Könnunarskurðir 2020 ..... ***10***

3.1 Ytra-Tungukot (EY-149:012) 11

3.2 Kot/Bakkakot/Steindyrakot (EY-129:006) 15

3.3 Þverárkot/Þverárgerði (EY-130:009) 20

3.4 Óljós mannvirki í landi Hamars (EY-179:035) 24

4. Borkjarnar 2020 ..... ***28***

4.1 Klaufanes (EY-140:007) 29

4.2 Syðra-Tungukot (EY-149:014) 36

5. Samantekt ***39***

Heimildir ***41***

Viðauki 1: Gjóskulagagreining ***43***

Viðauki 2: Einingaskrár skurða ***1***

Viðauki 3: Borkjarnaskrá ***1***

Viðauki 4: Ljósmyndaskrá ***30***

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ):
202008-0061

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS):
2020-48

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:
EY140:007 Klaufanes Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, 19
EY179:035, óræðar minjar í Hamarslandi Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2020, 40-42
EY130:009, Þverárkot Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl.. 2000, 154
EY-129:006: Kot/Bakkakot/Steindyrakot Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 2000, 147
EY149:012: Ytra-Tungukot Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 76-77
EY149:014 Syðra-Tungukot Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 78

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):
Könnunarskurðir í fjögur býli til að greina aldur þeirra og afla upplýsinga um þróun byggðar í Svarfaðardal

Tegund rannsóknar:
Vísindarannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: voru þær huldar aftur eða fjarlægðar?
Fyllt var upp í skurði á ný með uppmokstri úr skurðunum og tyrft yfir með torfi sem skorið var af í upphafi rannsókna.

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla):
Fjórir staðir í Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis):
517789/597639

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar):
31. ágúst 2020 til 4. september 2020.

Leyfishafi:
Lilja Björk Pálsdóttir

Fjöldi starfsmanna:
3

Staðsetningarkort



Mynd 2: Yfirlitskort sem sýnir annars vegar staðsetningu rannsóknarsvæðis á Íslandskorti efst í hægra horni og hins vegar þá staði sem kannaðir voru 2020. Kortagerð: Lilja Laufey Davíðsdóttir. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Útdráttur

Árið 2020 var haldið áfram rannsóknum í Svarfaðardal. Markmið rannsókna var að varpa skýrara ljósi á landnám og þróun byggðar í Svarfaðardal í Eyjafirði auk þess að undirbúa umfangsmeiri, þverfaglegar rannsóknir á þessu svæði á næstu árum.

Grafnir voru könnunarskurðir í garðlög þriggja býla og í óræðar mannvistarleifar (meint kuml) á einum stað auk þess sem borkjarnarannsóknir voru gerðar á tveimur stöðum. Meint kuml reyndist ekki mannaverk þótt manngert garðlag væri í kring en lítið var hægt að segja um aldur þess. Syðra-Tungukot reyndist í byggð einhvern tíma á tímabilinu 1104-1477 og var það í góðu samræmi við þær vísbendingar sem vallargarðar býlanna gáfu, en þeir voru flestir byggðir eftir 1104 og hætt að halda þeim við eftir 1300/1477. Borkjarnarannsóknir í Klaufanesi leiddu í ljós að lítið er eftir af skála sem þar átti að leynast undir sverði og var kannaður af Kristjáni Eldjárn 1940. Vegna jarðræktar eru mannvistarleifar á því svæði nú að mestu horfnar.

Lykilorð

Svarfaðardalur, byggðarþróun, garðlög, miðaldir, hjáleigur, kuml

Abstract

In 2020, archaeological investigation on the development of the settlement in Svarfaðardalur, North Iceland continued. The aim of the project was to gather information to aid in the development of further interdisciplinary research in the area. To this end test trenches were cut through boundaries of three tenants farms with two additional trenches dug in a suspected burials site. Coring was also carried out in selected areas. Most of the structures in or around tenant farms turned out to be built after 1104 but well before 1477. Coring in the site of Klaufanes revealed that little is left of the long-house investigated by Kristján Eldjárn in 1940 due to land cultivation, the remains of human occupation at the site have now mostly been destroyed.

Keywords

Svarfaðardalur, settlement history, boundaries, tenant farms, pre-Christian burials.

1. Inngangur

Nokkrar rannsóknir hafa farið fram í Svarfaðardal og nágrenni á síðustu árum. Má þar fyrst nefna að Fornleifastofnun Íslands skráði þar allar þekktar minjar á árunum 1999-2003 þegar unnin var aðalskráning í Dalvíkurbyggð.[1] Árið 2010 grófu starfsmenn Fornleifastofnunar svo könnunarskurði í garðlög á nokkrum stöðum á svæðinu í tengslum við rannsóknir á forngörðum á Norðausturlandi og árið 2018 voru teknir tveir könnunarskurðir í garðlög til að undirbúa stærra verkefni á svæðinu.[2] Rannsóknirnar 2020 miðuðu að sama marki, þ.e. að safna upplýsingum um byggðarþróun á svæðin og undirbúa áfram umsókn um stærra verkefni á svæðinu, *Tveir dalir* (*Two valleys*) sem hófst svo ári síðar.[3]

Auk fornleifarannsókna á svæðinu hefur Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur á undanförnum árum unnið ítarlega rannsókn á sögu svæðisins frá landnámi og fram á 16. öld. Árið 2016 kom út bók hans *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals* en í henni er fjallað um sögu dalsins á umræddu skeiði og nýverið ritaði hann einnig grein í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags um sama efni.[4]

Grunnþekking á minjum og heimildum um Svarfaðardal er því óvenjugóð en rannsóknum 2018 og 2020 var ætlað til að bæta í fornleifafræðilegan þekkingargrunn um svæðið og að afla upplýsinga um byggðarþróun í Svarfaðardal með margvíslegum hætti. Þetta var gert með könnunarskurðum og borkjarnarannsókn í valin hjábýli á svæðinu (Steindyrakot, Þverárkot, Ytra-Tungukot, Syðra-Tungukot). Að auki var unnin borkjarnarannsókn á því svæði þar sem skálinn í Klaufanesi stóð til þess að meta ástand mannvistarleifa undir sverði, auk þess sem óræðar mannvistarleifar í landi Hamars voru kannaðar með skurðum. Talið var mögulega væri um kuml að ræða og var rannsóknum sumarsins ætlað að skera úr um það.

Verkið unnu fornleifafræðingarnir þær Lilja Björk Pálsdóttir uppgraftarstjóri, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Upphafsmaður verkefnisins, Árni Daníel Júlíusson var með hópnum á vettvangi ásamt Axeli Kristinssyni. Um greiningu gjóskulaga sá Magnús Á Sigurgeirsson.

Rannsóknir voru unnar frá ágústlokum fram í september 2020. Skýrsluhöfundar vilja koma á framfæri þökkum til heimamanna á svæðinu fyrir liðlegheit og gestrisi og sérstakar þakkir fá félagar í Sögufélagi Svarfdæla fyrir sýndan áhuga á verkinu og stuðning við það.

---

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2000 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 2002, 2003 og 2004a.
[2] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010. Lilja Björk Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Árni Daníel Júlíusson. 2019.
[3] Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritst.). 2022.
[4] Árni Daníel Júlíusson. 2016, sjá einnig Árni Daníel Júlíusson. 2022.

Skýrslan er byggð upp eins og sambærilegar skýrslur um smærri könnunarskurði hjá Fornleifastofnun. Á eftir inngangi er að finna stuttan kafla um þær aðferðir sem notaðar voru við rannsóknina (kafli 2), þá verður fjallað um könnunarskurðina sem teknir voru 2020 (kafli 3) og því næst um borkjarnarannsóknir (kafli 4). Að lokum eru svo teknar saman helstu niðurstöður (kafli 5). Fyrir aftan meginmál er heimildaskrá og allra aftast í skýrslunni viðauki með skýrslu gjóskulagafræðings og þar aftan við listi yfir einingar, borkjarna og ljósmyndir.

2. Aðferðafræði

Áður en vettvangsvinna hófst var könnunarskurðum valinn staður og leyfi landeiganda og Minjastofnunar Íslands fyrir uppgreftrinum fengin. Á vettvangi voru skurðirnir lagðir út og lögun þeirra og staðsetning mæld með Trimble Geoexplorer 6000 staðsetningartæki.

Könnunarskurðirnir voru handgrafnir þvert á garðlög og vel út fyrir þau til að kanna hvort pæla eða önnur ummerki væru til hliðar við garðana. Grafið var í gegnum garðlög og niður á óhreyfð jarðvegslög til að fá skýra mynd af efni og gerð garðsins í sniði. Öll snið teiknuð í hlutfallinu 1:10 og öllum lögum í sniði lýst.[5]

Við borkjarnarannsókn var kjörnum dreift um þau svæði sem rannsökuð voru. Borað var á með 10-20 m millibili yfir úttektarsvæði og þéttar á þeim svæðum þar sem vísbendingar voru um heillegar mannvistarleifar. Þar sem sáust tóftir voru borkjarnar teknir í veggi þeirra og inni í þeim. Borarnir sem notaðir voru eru um 3,5 cm breiðir og náðu lengst 80 cm niður, 40 cm í einu. Flestir borkjarnanna voru ljósmyndaðir og skipting jarðlaga skráð en þar sem aðeins sáust náttúruleg jarðlög og lítil breyting á þeim milli kjarna var skráningin ekki eins ítarleg. Ekki var farið dýpra niður en á forsögulegu H3 gjóskuna sem féll fyrir um 2900 árum. Borkjarnarnir voru teknir eftir beinum línum, og fékk hver kjarni númer miðað við línunúmer og röð hans í línunni. Hverjum borkjarna var gefið númer og öllum mannvistarlögum í honum lýst og dýpt þeirra skráð niður. Allir borkjarnar voru mældir inn í landshnitakerfi með Trimble tæki.

[5] Í samræmi við vettvangsvinnuleiðbeiningar Fornleifastofnunar Íslands, sjá Lucas, Gavin. 2003.

3. Könnunarskurðir 2020

Sumarið 2020 voru teknir könnunarskurðir á fjórum stöðum. Skurðir voru teknir í vallargarða tveggja hjáleigna, Ytra-Tungukots, Þverárkots og Steindyrakots en skurður að auki tekinn í sérkennileg ummerki í landi Hamars sem talið var hugsanlegt að gætu verið kuml.



Mynd 3: Yfirlitskort sem sýnir rannsóknarsvæðið á Íslandskorti á innfelldri mynd) og rannsóknarstaðina sex sem kannaðir voru 2020 á litakorti. Í Klaufanesi og Syðra-Tungukoti voru unnar borkjarnarannsóknir en á öðrum stöðum voru teknir skurðir.

3.1 Ytra-Tungukot (EY-149:012)

Ytra-Tungukot hefur gengið undir ýmsum nöfnum í gegnum aldirnar og hefur auk þess að gegna því nafni verið nefnt Tungukot, Tungugerði, Ytra-Tungukot eða einfaldlega Ytrakot. Getið er um *Tungugerði* í Svafdælasögu en þar segir „Þat var því næst, at hestaþing var nefnt uppi fyrir Tungugerði …“[6] en ekki er víst að þar sé vísað það býli sem hér er til umfjöllunar (og gæti allt eins verið Syðra-Tungukot, sjá kafla 4.2). Þess er fyrst getið með beinum hætti í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 en þar segir: "Krakustader og Tungu kot kallast nú tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggíngamerki tófta og girðínga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnin eru og mestan part uppblásin."[7] Býlisins er einnig getið í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 og er lýsing þess þar nokkuð samhljóða jarðabókinni, þ.e. að það sé fyrir löngu í eyði fallið og óbyggilegt.[8] Þorsteinn Þorsteinsson ritar um býlið 1865: “Fyrrum bær byggður í Tungunni eður Tungunum .... skammt fyrir utan Kaupstaðahvamm. Þessi jörð hefur verið í eyði mörg ár; enn sjást þó merki fyrir túnstæði og bæjartóftum, sem allar eru vallgrónar. Þessi jörð er í Tungufellslandi. Á Tungukoti eður þar nálægt hefur stundum sést málmlogi í myrkri og dimmviðrum frá bæjum sem næstir eru, en menn ekki getað glöggvað hvar helst það hefur verið svo grafið hafi orðið eftir því.”[9]

Ummerki um býlið voru greinileg fram yfir miðja 20. öld en þegar það var fyrst kannað við fornleifaskráningu árið 2000 voru einu ummerkin sem fundust stuttur bútur af garðlagi skammt fyrir utan ræktuð tún og langstærstur hluti allra minjanna horfin í ræktuð tún.[10] Sumarið 2020 var ákveðið var að leita vísbendinga um aldur býlisins með því að grafa skurð í túngarðinn. Við rannsóknir tókst að fá góða hugmynd um aldur garðsins en rétt er að ítreka það að hugsanlegt að býlið gæti hafa átt sér lengri sögu en garðlagið og ekki er hægt að skera úr um aldur með fullri vissu nema með enn ítarlegri rannsóknum (og gildir það sama um alla þá skurði sem teknir voru í túngarða býla sumarið 2020).

Ytra-Tungukot er norðanlega á þeirri tungu sem myndast þar sem Skíðadals- og Svarfaðardalsár renna saman. Svæðið er talsvert raskað. Þau ummerki sem eftir eru af býlinu á yfirborði eru um 30 m langur garðlagsbútur sem sést sunnan við stórt tún og liggur til suðausturs þar til það hverfur í uppblásinn mel. Meðfram garðinum að sunnaverðu eru bílslóði en hann virðist ekki hafa raskað garðinum sjálfum. Af loftmyndum sem til eru af svæðinu frá 1954 má hins vegar sjá móta fyrir

[6] ÍF IX, 193
[7] JÁM X, 75
[8] Sýslu- og Sóknarlýsingar Eyjafjarðar, 74
[9] Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 130
[10] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 76-77.

framhaldi túngarðsins til norðurs og má af því fá góða hugmynd um lag og stærð túna. Greinilegt er að hólf hefur verið á túngarðinum allra nyrst (sjá mynd 4). Með því að rétta eldri loftmynd (frá 1954) yfir yngri má áætla að túnið hefur verið um 1.5 ha að stærð. Svo virðist sem mestu mannvistarleifarnar hafi verið fremur sunnarlega í túninu, nærri suðausturhorni núverandi túna.

Uppblástur hefur haft talsverð áhrif á svæðið en auk hans hefur svæðinu talsvert verið raskað frá því um miðbik 20. aldar. Auk túnræktar og slóða eru nýlegir garðar og skurðir víða í kring og má tengja hluta rasksins í mannvirki sem voru gerð í tengslum við íþróttasvæði ungmennafélagsins á svæðinu.

Mynd 4: Loftmynd tekin með flygildi af rannsóknarsvæðinu.



Mynd 5: Loftmynd sem sýnir annars vegar þær minjar sem sjást enn um býlið og hins vegar þær minjar sem teiknaðar voru upp af loftmynd frá 1954. Staðsetning skurðar sýnd með rauðu. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Garðurinn er grasi og kjarri vaxinn og víðiplöntur, lyng og annar lággróður vex á og við hann. Garðurinn er víða allt að 3-4 m á breidd. Rannsóknarskurður var handgrafinn í gegnum garðinn suðaustan við miðbik þess garðbúts sem eftir stendur af túngarðinum (sem er suðvesturhluti garðsins). Skurðurinn var um 1 m x 4 m stór. Í sniði sást afar ógreinilegur torfveggur [24] og ber hann þess merki að uppblástur og áfok hefur lengi verið vandamál á staðnum og langt skeið.

Í torfi sást landnámssyrpan auk Heklu-3. Einnig voru slitrur af móösku í torfinu. Engin ummerki fundust um H1104 í skurðinum og því var ekki hægt að nota það til að áætla nánar um aldur skurðarins. Yfir garðinum lá gjóska úr H-1300 [29]. Niðurstöður Magnúsar Sigurgeirssonar gjóskufræðings (sjá viðauka 1) voru þær að garðlagið hefði verið byggt einhvern tíma eftir að Landnámssyrpan féll (eftir 940) sjá lag [27] en að hætt hafi verið að halda því við nokkru fyrir 1300. Ekkert er hægt að segja um hvort garðlagið hafi verið byggt eftir 1104 (eins og raunin virðist um mörg af þeim garðlögum um hjáleigur sem grafið hefur verið í á þessum slóðum) þar sem gjóskulagið fannst ekki í sniðinu.



Mynd 6: Sniðteikning af austursniði í garðlag

Einingar número	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	Skrá setjari
23	Ytra- Tungukot	Lag	Grasrót	01.09.2020	LP
24	Ytra- Tungukot	Lag	Torfhleðsla	01.09.2020	LP
25	Ytra- Tungukot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
26	Ytra- Tungukot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
27	Ytra- Tungukot	Lag	LNS *in situ*	01.09.2020	LP
28	Ytra- Tungukot	Lag	H-3 *in situ*	01.09.2020	LP
29	Ytra- Tungukot	Lag	H-1300 *in situ*	01.09.2020	LP
30	Ytra- Tungukot	Lag	Áfokslag undir LNS	01.09.2020	LP
31	Ytra- Tungukot	Lag	Forsögulegur áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
32	Ytra- Tungukot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
33	Ytra- Tungukot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP

Tafla 1: Yfirlit yfir einingar/lög sem skráð voru í skurði í garðlag í Ytra-Tungugerði

3.2 Kot/Steindyrakot (EY-129:006)

Kot/Steindyrakot var byggt úr landi Steindyra. Ýmsar vangaveltur hafa verið settar fram um Kot, m.a. að það kunni að hafa verið hinn upprunalegi Steindyrabær og jörðin Bakki mögulega byggð úr Steindyralandi og eru þá rökin fyrst og fremst stærð heimatúnsins sem er vissulega mun stærri en ætla mætti af hjábýli.[11] Eins hefur verið velt upp þeirri hugmynd að kotið sé það sem kallað er Bakkakot og getið er í Jarðatali Árna og Páls en þar segir: "Backa kot, eyðihjáleiga. Bygð í heimatúninu fyrir manna minni, en hefur nú í eyði legið næstu 15 ár og áður köflum saman. ... hjáleigan hafði ekkert sjerlega afmarkað slægjuland, heldur það sem heimabóndinn vildi afleggja."[12] Staðsetning Kots virðist þó ekki passa vel við þessa lýsingu enda talsvert langt frá heimatúninu (en ekki í því eins og Bakkakot var samkvæmt lýsingu). Að samanlögðu má segja að ekki er með vissu getið um kotið í heimildum fyrr en í örnefnaskrá.

Kot var nærri merkjum jarðanna Steindyra og Bakka. Af loftmynd frá 1954 má sjá að þá hafa talsverð ummerki um það enn verið sýnileg, en síðan þá hafa nær allar tóftir verið sléttaðar í tún. Við skráningu 1999 var staðsetning býlisins skráð, en öll ummerki um það þá talin horfin, því þótt hluti af garðlagi sem fannst nokkru sunnar hafi verið skráður þá var það ekki sett í samhengi við býlið heldur gefið sérstakt númer (sjá EY-129:016).[13] Við skoðun gamallar loftmyndar af svæðinu kom hins vegar í ljós að garðlagið sem fannst 1999 hefur verið hluti af túngarði býlisins. Það er nú einu ummerkin um býlið sem greinilega má sjá á yfirborði.

Loftmynd sem tekin var af svæðinu 1954 sýnir umfangsmeiri minjar á svæðinu. Sé hún upprétt og lögð yfir yngri mynd má sjá norðurhlið túngarðsins og hluta af bæði austur- og vesturhliðum (ásamt litlum hluta af suðurhlið þess að austanverðu). Byggt á þessu má áætla að heimatún býlisins hafa verið á bilinu 5.5 -7 ha og ósennilegt verður að teljast að það hafi verið undir 6 ha. Það er stórt heimatún og bendir svo sannarlega ekki til kotbýlis heldur stórbýlis og styður það hugmyndir um að þarna kunni að vera fundið eldra bæjarstæði Steindyra eða Bakka fremur en hjáleigu.

Garðlagið sem enn er greinilegt er um 35-40 m langt og liggur til vesturs þar sem túnum sleppir, í svolítilli dæld neðan barðs. Það hverfur í þýflendi til austurs. Garðlagið er víða 2-3 m á breidd.

Í Steindyrakoti var grafinn skurður í garðlagið nærri því þar sem það verður fyrst merkjanlegt austan við barðið. Skurðurinn snéri norður-suður í gegnum garðlagið. Skurðinum var valinn staður sem var sem minnst þýfður við austurenda hans.

---

[11] Ö-Svarf, 324
[12] JÁM X, 60
[13] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2000, 147



Mynd 7: Loftmynd sem sýnir annars vegar þær minjar sem sjást enn um býlið og hins vegar þær minjar sem teiknaðar voru upp af loftmynd frá 1954. Staðsetning skurðar sýnd með rauðu. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagerð Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Greinileg torfhleðsla sást í sniði og er hún gerð með streng og hnausum [9]. Í torfi voru H-3, LNS og H-1104. Einnig voru móöskuflekkir í hleðslunni. Frostverkun hafa skemmt hleðsluna og hefur efri hluti hennar [6] fallið til norðurs af þessum sökum.

Mynd 8: Loftmynd tekin með flygildi af rannsóknarsvæðinu.



Mynd 9: Suðvesturstnið garðsins

H-1300 gjóska liggur yfir torfhruni úr garðinum [sjá 7]. Niðurstöður gjóskulagagreiningar voru að garðurinn hafi verið reistur nokkru eftir 1104 (þar sem sú gjóska er í torfhleðslunni – sjá [9]), en jafnframt að honum hafi ekki verið haldið við eftir árið 1300 þar sem gjóska frá H-1300 liggur upp að garðinum en er undir torfhruni úr honum [7]. Frekari rannsóknir þyrfti til að skera að fullu úr um aldur

minja en engu að síður eru þessar vísbendingar áhugaverðar, ekki síst í ljósi þess hversu stórt heimatúnið virðist vera.

Einingan úmer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	Skrá setjari
1	Steindyrakot	Lag	Grasrót	02.09.2020	LP
2	Steindyrakot	Lag	Hreyft áfokslag.	02.09.2020	LP
3	Steindyrakot	Lag	Mannvistarlag undir veggnum. Líklega fok úr öskuhaug ofar á svæði	02.09.2020	LP
4	Steindyrakot	Lag	Hreyft áfokslag, ljósbrúnt og gult	02.09.2020	LP
5	Steindyrakot	Lag	Dökk mýrarlinsa	02.09.2020	LP
6	Steindyrakot	Lag	Torfhrun og áfoksjarðvegur	02.09.2020	LP
7	Steindyrakot	Lag	Áfokslag, einsleitt, dökkbrúnt, yfir torfi – H1300 efst í því	02.09.2020	LP
8	Steindyrakot	Lag	LNS- Landnámssypra	02.09.2020	LP
9	Steindyrakot	Lag	Torfveggur með landnámsgjósku og H-1104. Ekki H-4	02.09.2020	LP
10	Steindyrakot	Lag	Forsögulegur áfoksjarðvegur	02.09.2020	LP
11	Steindyrakot	Lag	Forsögulegur áfoksjarðvegur	02.09.2020	LP

Tafla 2: Einingarnúmer og lýsingar fyrir snið í garðlag í Koti

3.3 Þverárkot/Þverárgerði (EY-130:009)

Býlisins Þverárgerði eða Þverárkot eins og það var stundum nefnt er fyrst getið í rituðum heimildum svo að vitað sé í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þar segir: „Þuerargerde heitir ein girðíng suður frá landinu, þar sem nú er stekkur heimajarðarinnar. Það ætla menn að sje fornt eyðiból, so sem sýnilegt



Mynd 10: Loftmynd sem sýnir annars vegar þær minjar sem sjást enn um býlið og hins vegar þær minjar sem teiknaðar voru upp af loftmynd frá 1954. Staðsetning skurðar sýnd með rauðu.
Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagerð Elín Ósk Hreiðarsdóttir

er af tóftaleifum og víðum girðíngum. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt, en þó er sú byggíng til rýrðar heimajörðunni.“[14] Í örnefnalýsingu kemur fram að Þverárstekkur hafi verið byggður á sama stað.[15] Býlið var skráð 1999 en kom þá í ljós að aðeins voru örlitlar leifar af túngarðinum eftir og höfðu öll önnur mannvirki verið sléttuð í tún.[16] Þau ummerki sem sjást í dag um Þverárkot eru suðurhluti túngarðsins sem liggur samhliða ræktuðum túnum fast sunnan þeirra. Garðleifarnar eru 150 m langar og hafa myndað suðurhlið túna og má sjá hvar garðurinn byrjar að beygja til norðurs, bæði að austan og vestan, en sá hluti hans er að öðru leyti horfinn í tún. Á loftmynd sem til er af svæðinu frá 1954 virðist mega greina hluta af norðurhlið sama garðs og af þeim ummerkjum að dæma má áætla að túnið hafi verið nærri því að vera 1,5 ha að stærð.[17] Garðurinn er víða um 2,0 m á breidd og 0,5 m

Mynd 11: Loftmynd tekin með flygildi af rannsóknarsvæðinu.

á hæð og er nú á mörkum núverandi túns og þýfðs svæðis með lággróðri.

[14] JÁM X, 62
[15] Ö-Svarf, 323
[16] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2000, 154
[17] Mynd frá 1954 frá Landmælingum Íslands, LI205-LI2-0501



Mynd 12: Austursnið skurðar í túngarð Þverárkots.

Grafinn var skurður í túngarðinn um 150 m neðan við þjóðveg. Skurðurinn sneri norður-suður. Garðurinn var byggður ofan á landnámssyrpuna [21] sem er óhreyfð undir garðinum. Í sniði sáust mannvistarlög (móaska og lífrænt lag) undir torfhleðslunni (sjá neðri hluta 19 á teikningu) sem hafa varðveist undir garðinum. Í torfhleðslunni sjálfri [19], sem hefur fallið til norðurs að hluta, var strengur með landnámssyrpu, H-3 auk áðurnefnds mannvistarlags en einnig H-1104. Greinilegt er að garðinum hefur verið haldið við um nokkurt skeið, því gjóska úr H-1300 [15] hefur fallið að hluta að og yfir garðinn en yfir gjóskunni mátti sjá minni torfhleðslu [17] sem sýnir fram á að honum var haldið við fljótlega eftir að gjóskan fellur. Niðurstöður gjóskulagagreiningar (sjá viðauka 1) voru því þær að garðurinn var reistur eftir 1104 og virðist að mestu kominn úr notkun árið 1300, en þó verið bættur að hluta eftir það.

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	Skrá setjari
12	Þverárkot	Lag	Grasrót	01.09.2020	LP
13	Þverárkot	Lag	áfokslinsa, ljósbrún með H-3	01.09.2020	LP
14	Þverárkot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
15	Þverárkot	Lag	Gjóska, H1300 *in situ*	01.09.2020	LP
16	Þverárkot	Lag	Torfhleðsla. Viðgerð.	01.09.2020	LP
17	Þverárkot	Lag	Torfhleðsla. Viðbót með H1300 í torfi, liggur ofan á H1300 *in situ*.	01.09.2020	LP
18	Þverárkot	Lag	Torfhleðsla með H-4 í torfi	01.09.2020	LP
19	Þverárkot	Lag	Torfhleðsla með H-4 í torfi	01.09.2020	LP
20	Þverárkot	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
21	Þverárkot	Lag	LNS *in situ* undir vegg	01.09.2020	LP
22	Þverárkot	Lag	Forsögulegur áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP

Tafla 3: Eininganúmer og lýsingar fyrir snið í garðlag í Koti

3.4 Óljós mannvirki í landi Hamars (EY-179:035)

Við merki Hamars og Skáldalækjar er bátslaga, fornlegt gerði með afgerandi þúst í miðju og er önnur þúst fast norðan við það. Minjarnar eru á flatlendu svæði um 800 m norðvestan við bæ og voru skráðar við deiliskráningu í Hamarslandi 2019.[18] Þess má geta að í landi Skáldalækjar er örnefnið Skipalág við norðausturmörk jarðarinnar, litlu norðan við þessar minjar. Minjarnar eru í þýfðum lyngmóa en deiglendara valllendi er í næsta nágrenni við hann. Minjasvæðið er 50 x 18 m að stærð og snýr norður-suður. Við skráningu þótti líklegt að um mannvirki væri að ræða en óljóst hvers lags mannvirki það kynni að vera þótt loku þætti ekki fyrir það skotið að um legstað gæti verið að ræða.



Mynd 13: EY-179:035 uppmældar til hægri en yfirborðslíkan af sama stað til hægri með 45°halla á skuggamyndun. Myndvinnsla: Garðar Guðmundsson

[18] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2020, 40-42



Mynd 14: Loftmynd sem sýnir uppmældar minjar og staðsetningu skurða 2020 (með rauðu).
Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagerð Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Haustið 2020 var ákveðið að grafa tvo skurði á svæðinu. Skurðirnir voru 0,5 m x 3-6 m að lengd. Annar var tekin innan gerðis í tvær fremur áberandi dældir (sem talið var hugsanlegt að gætu verið kuml) en hinn í gegnum það sem talið var garðlag.

Sá skurður sem tekinn var á miðju svæðinu sýndi að hvorki var þar að finna kuml né heldur eiginlegar mannvistarleifar heldur var um náttúrulega dæld að ræða. Engin mannvist sást í skurðinum eða sniðum en hins vegar sást mikil náttúruleg hreyfing á jarðveginum og hefur uppgblástur án efa haft áhrif á svæðið.



Mynd 15 Sniðteikning af austursniði garðlags í landi Hamars.

Skurðurinn í gegnum garðlagið sýndi hins vegar mannvist, þó ekki væri hún greinileg. Í ljós kom afar illa farin torfhleðsla [36] sem vindrof hafði leikið illa í gegnum aldirnar. Hún var byggð fast ofan á landnámsyrpuna [38] sem var óhreyfð undir garðinum. Hleðslan var með leifum af landnámssyrpu og H-3 í torfi. Uppbygging hleðslunnar var fremur óskýr og í sniðinu mátti greina langt og ítrekað áreiti vindrofs (t.d. í [35]. Niðurstaðan var sú að ekki hefði verið vandað til hleðslunnar og rof hefði komið í hana á einhverjum tímapunkti og í raun lítið hægt að segja um hana annað en það að hún er byggð eftir að landnámssyrpan fellur.

Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	Skrá setjari
34	Hamar	Lag	Grasrót	01.09.2020	LP
35	Hamar	Lag	Áfoksjarðvegur	01.09.2020	LP
36	Hamar	Lag	Torfhleðsla	01.09.2020	LP
37	Hamar	Lag	Áfoksjarðvegur undir torfhleðslu	01.09.2020	LP
38	Hamar	Lag	Landnámslagið *in situ*	01.09.2020	LP
39	Hamar	Lag	Áfokslag og H-3 *in situ*	01.09.2021	LP
40	Hamar	Lag	Áfokslag með slitrum af LNS og H-3	01.09.2020	LP

Tafla 4: Einingarnúmer og lýsingar fyrir snið í garðlag í landi Hamars

4. Borkjarnar 2020

Markmið borkjarnarannsókna sumarið 2020 var annars vegar að tímasetja byggð og hins vegar að áætla umfang þekktra minja og kanna hvort áður óþekkt mannvirki leyndust undir sverði á tveimur stöðum. Rannsóknarsvæðin tvö, voru annars vegar Klaufanes í Svarfaðardal innanverðum og hins vegar Syðra-Tungukot við mynni Skíðadals. Báðir staðir eru friðlýstir[19] en erfitt er að fá uppgraftarleyfi fyrir stærri rannsóknum á slíkum stöðum. Því var tilvalið að nota borkjarna til að reyna að varpa frekara ljósi á þróun byggðar.

[19] Friðlýsingaskrá, 47

4.1 Klaufanes (EY-140:007)

Klaufanes er fremur innarlega í Svarfaðardal nærri Svarfaðardalsá. Bærinn er nefndur í Svarfdælasögu en þar bjó Klaufi samkvæmt sögunni.[20] Um 1865 ritar Þorsteinn Þorsteinsson: „... bæjartóftir sjást

Mynd 16: Loftmynd sem sýnir annars vegar þær minjar sem sjást enn um býlið og hins vegar þær minjar sem teiknaðar voru upp af loftmynd frá 1954. Staðsetning skurðar sýnd með rauðu. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagerð Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

[20] ÍF IX

sunnarlega í nesinu niður við ána og halda menn, að bærinn hafi staðið þar."[21] Svæðið var skráð í aðalskráningu árið 2000.[22] Nokkra hugmynd má fá um stærð túns og mannvirki á svæðinu, bæði af yfirlitsteikningu Kristjáns Eldjárns frá 1940 (sem þó er nokkuð ónákvæm) og hins vegar af loftmynd af svæðinu frá 1954.[23] Með því að rétta loftmyndina og teikna upp túngarðinn má áætla að heimatúnið hafi verið um 2.2 ha að stærð.

[21] Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 119
[22] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 19
[23] Mynd frá 1954 frá Landmælingum Íslands, LI205-LI2-0501 og Kristján Eldjárn. 1943: 18.

Skálinn á Klaufanesi var rannsakaður af Kristjáni Eldjárn árið 1940. Samkvæmt honum var stutt niður á gólf eða aðeins 0,5-0,75 m. Gólfið var þunnt og veggir virtust hafa verið byggðir með því að stiga upp hnausa utan við skálann. Kristján gróf aðeins niður að gólfum skálans en ekki í gegnum þau og sömuleiðis virðist hann ekki hafa fjarlægt veggi skálans.[24] Eftir að uppgreftri lauk var sléttað yfir svæðið og síðan hefur það nýtt sem tún og hefur þar verið ræktað kál síðustu ár. Túnið er því plægt reglulega og því var óvíst hversu stór hluti minjanna væri enn þá heillegur undir yfirborði.



Mynd 17: Borkjarnasvæðin þrjú á Klaufanesi. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir.

[24] Kristján Eldjárn 1943, 19-22 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004b.

Markmið borkjarnarannsóknanna á Klaufanesi voru þrjú: 1) að staðsetja skála og kanna hversu heilleg mannvistarlög væru, 2) að tímasetja skála með gjóskulögum og 3) að leita að áður óþekktum minjum. Mjög erfitt reyndist að bora í túnið og jarðvegur þar var mjög seigur og erfiður viðureignar. Byrjað var að bora skipulega með 10 m millibili en vegna þessara erfiðleika kom fljótt í ljós að það tæki of langan tíma af bora í allt túnið. Því var ákveðið að einbeita sér frekar að því að finna skálatóftina fremur en að eyða of miklum tíma utan hennar.



Mynd 18: Jarðsjármælingar samanborið við borkjarnarannsóknir.
Byggt á gögnum Fornleifastofnunar Íslands og jarðsjármælingum Ómars Smára Jónasarsonar

Árið 2018 var gerð tilraun til þess að leita að skálanum með jarðsjármælingum (sjá mynd 18). Þar komu í ljós tvö hugsanleg mannvirki og var talið líklegast að skálinn væri fundinn, sunnarlega á mælingarsvæðinu.[25] Áður en borkjarnarannsóknin fór fram 2020 kom þó í ljós að skálinn hlyti að vera það mannvirki sem er norðar á myndinni en það mátti m.a. sjá þegar gömul loftmynd af Klaufanesi (frá 1954) var rétt upp. Borkjarnarannsóknin staðfesti þetta en í kjörnunum komu fram heilmikið af hreyfðum torf- og mannvistarlögum. Ekki komu fram neinar heillegar minjar í borkjörnunum og engar kolaleifar eða gólfleifar sáust. Því má ætla að stór hluti skálans sé horfinn og hafi eyðilagst þegar byrjað var að plægja og rækta upp tún. Engar gjóskur fundust hvorki undir né heldur yfir minjunum og því



Mynd 19: Borkjarnar sem teknir voru í túnið hjá skálanum og túlkun á helstu mannvistarlögum. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir. Kort: Loftmynd frá 1954

[25] Ómar Valur Jónsson. 2019, 49

var ekki hægt að tímasetja skálann með þeim aðferðum enda voru öll jarðlög á svæðinu hreyfð og röskuð.

Sökum þess hve erfitt var að bora í túnið náðist ekki að kortleggja svæðið nægilega vel til þess að ganga að fullu úr skugga um hvar áður óþekkt mannvirki gætu leynst. Þó komu í ljós tveir staðir þar sem gætu verið leifar húsa sem hugsanlega voru samtíða skálanum. Staðsetning þessara meintu mannvirkja má sjá á mynd 19. Ekki er ólíklegt að þessi meintu mannvirki séu jafn röskuð og skálinn virðist vera. Það er ljóst að borkjarnar gefa aðeins takmarkaðar upplýsingar um svæðið og því þyrfti að grafa könnunarskurði í túnið til þess að fá að fullu úr því skorið hvort að einhverjar heillegar leifar séu þar eftir.



Kort 20: Borkjarnar í tóftir á hól og túlkun á helstu mannvistarlögum. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir. Loftmynd frá 1954.

Stór og stæðilegur vallargarður umlukti túnið þegar Kristján Eldjárn hóf rannsóknir sínar árið 1940 en í dag sést aðeins lítill hluti hans í suðausturhluta túnsins, nær ánni. Teknir voru þrír borkjarnar í vallargarðinn til þess að freista þess að aldursgreina hann. Í kjörnunum sást fremur heillegt torf með forsögulegum gjóskum. Ekki sáust nein ummerki um aðrar gjóskur hvorki fyrir ofan það eða undir því og engar gjóskur fundust heldur í torfi. Hugsanlegt er að skurður í gegnum garðlagið gæti veitt meiri upplýsingar um aldur þess.

Að síðustu voru teknir nokkrir borkjarnar í tóftasvæði á hól nokkrum norðvestan við skálann (sjá mynd 20). Umræddar tóftir eru einu sjáanlegu tóftirnar á svæðinu og eru í raun friðlýstar. Lítið kom í ljós í borkjörnunum þar fyrir utan greinanlega mannvist og svolítið af torfi. Ekki fundust nein ummerki um gólflög eða kolalög sem gætu bent til mannabústaðar. Því er líklegast að þarna sé um að ræða skepnuhús en Kristján Eldjárn taldi á sínum tíma líklegast að tóftin væri fjárhús eða heystæði.

4.2 Syðra-Tungukot (EY-149:014)

Nokkur áhöld eru um nafn Syðra-Tungukots og virðist það einnig hafa verið nefnt Tungukot syðra Syðrakot eða jafnvel Krókar. Það var skráð í aðalskráningu Dalvíkurbyggðar árið 2000.[26] Það var austarlega í þeirri tungu sem liggur fram af fjallinu Stóli þar sem Svarfaðardalsá og Skíðadalsá renna saman. Býlið er í landi Tungufells en þó Skíðadalsmegin. Þess er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 og Sýslu- og sóknarlýsingum og er í báðum tilfellum lýst sem fornu eyðibýli sem hafi lengi verið



Kort 21: Staðsetning borkjarna sem teknir voru í Syðra-Tungukoti. Korrtagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir

[26] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001, 78

í eyði.[27] Tún býlisins er lítið, eða um 0,7 ha að stærð. Bæjarstæðið er friðlýst og svæðið hafði ekkert verið rannsakað þar til sumarið 2020 að leyfi fékkst til að vinna borkjarnarannsókn á svæðinu. Teknir voru borkjarnar í túngarðinn og allar þekktar tóftir en einnig tóftarlegt svæði norðaustast á svæðinu, en í ljós kom að þar var engin mannvist (sjá mynd 22). Reynt var að fara skipulega yfir allar tóftirnar til þess að fá sem skýrasta mynd af svæðinu.



Kort 22. Helstu mannvistarlög sem fundust í borkjörnum. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir.

[27] JÁM X, 75; Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu, 74

Markmið borkjarnarannsókna í Syðra-Tungukoti var fyrst og fremst að aldursgreina býlið en einnig að reyna varpa skýrara ljósi á hverja tóft fyrir sig. Ekki var ráðist í umfangsmeiri greiningu á landnotkun innan vallargarðs.

Við borkjarnarannsóknir á Syðra-Tungukoti komu í ljós mun fjölbreyttari og skýrari mannvistarlög heldur en á Klaufanesi. Greinilegt gólflag var á miðjum bæjarhólnum og nokkuð heillegir torfhleðslur, bæði í tóftum og í vallargarði. Tvær meintar þústir reyndust ekki geyma nein mannvistarlög undir sverði og eru náttúrulegar hæðir. Vestan við aðra hæðina var greinilegt efnistökusvæði og hefur torf verið tekið þar í húsbyggingar á svæðinu. Tveir borkjarnar voru teknir í vallargarðinn í kringum tóftirnar og í austurveggnum sáust vandaðar torfhleðslur en óvandaðri hleðsla, einskonar uppmokstur í suðurhluta hans. Það lítur því út fyrir að misvel hafi verið vandað til verks við byggingu vallargarðsins.

Mun betur gekk að aldursgreina tóftirnar í Syðra-Tungukoti heldur en á Klaufanesi og sást gráleitt gjóskulag yfir þremur tóftum á svæðinu. Magnús Á. Sigurgeirsson, gjóskulagafræðingur (sjá viðauka 1) taldi nokkuð víst að um væri að ræða gjósku sem féll um 1477. Hann sá einnig ummerki um gjóskulag frá 1104 í torfi á einum stað í kjarna og má því ætla að sú tóft sé í byggð einhvern tímann á tímabilinu 1104 og 1477. Sömu gjóskulög fundust í fleiri tóftum og samanlagt má segja að líklegast hafi býlið verið byggt eftir 1104 en komið í eyði vel fyrir 1477.

5. Samantekt

Sumarið 2020 voru fornleifar kannaðar á sex stöðum í Svarfaðardal. Gerð var tilraun til að varpa ljósi á aldur fjögurra hjáleigna: í Koti, Þverárgerði og Ytra-Tungukoti voru könnunarskurðir teknir í vallargarða en í Syðra-Tungukoti var unnin borkjarnarannsókn í þeim tilgangi að aldursgreina býlið. Í Klaufanesi var freistað þess að finna ummerki um skálabyggingu sem þar var grafið í 1940 – og síðar sléttað úr. Einnig var markmiðið að kanna hvort frekari mannvist væri eftir í túninu sem hefur nú verið notað og plægt um áratugaskeið. Í landi Hamars voru grafnir skurðir í óræðar mannvistarleifar í þeim tilgangi að kanna hvort þar gætu mögulega leynst kuml. Svo reyndist ekki vera þótt garðlag á svæðinu virtist greinilega manngert en illa farið af uppblæstri.

Könnunarskurður í garðlög Ytra-Tungukots sýndi að það var byggt eftir að landnámssyrpan féll (en ekki fundust leifar 1104 á svæðinu og því ekki hægt að nota það til nánari aldursgreiningar) en það var fallið í eyði talsvert áður en H1300 fellur á svæðinu. Í Þverárkoti/-gerði og í Koti leiddu könnunarskurðir í ljós að vallargarðarnir voru byggðir eftir 1104. Í Koti eru engin ummerki að garðinum hafi verið haldið við eftir 1300 en í Þverárkoti fundust óljós ummerki um viðgerð fljótlega eftir 1300 og hefur hann því enn verið í notkun þá. Könnunarskurðir í óræðar minjar í landi Hamars skáru út um að þar var ekki kuml eins hafði verið talið mögulegt, en garðlag um svæðið er manngert þótt lítið sé hægt að segja um aldur þess annað en að það er byggt eftir að landnámssyrpan féll.

Á Klaufanesi virðist lítið vera eftir af heillegum mannvistarleifum í og við skálann sem Kristján Eldjárn gróf niður að á sínum tíma. Engir heillegir veggir fundust á svæðinu og engin gólflög. Margt bendir til þess að túnræktun á þessu gamla heimatúni hafi raskað mannvistarleifunum sem voru þar undir sverði að mjög stóru leyti. Vera má að mannvistarleifar sunnan við skálatóftina vísi á frekari mannvirki en ástand þeirra er þá líklega svipað og skálans. Hugsanlega myndu könnunarskurðir varpa skýrara ljósi á aldur og ástand bæjarstæðisins og mögulegt er að könnunarskurður í vallargarðinn sem eftir stendur gæti hjálpað til við að varpa ljósi á aldur þess. Tóftirnar á hólnum, norðvestan Klaufaness skálans eru líklega skepnuhús en engin gólflög fundust í borkjörnum sem tekin voru á svæðinu. Ekki reyndist heldur unnt að aldursgreina þær tóftir.

Í Syðra-Tungukoti voru mannvistarleifar mjög heillegar enda er bæjarstæðið friðlýst og hefur sloppið við það rask sem oftar en ekki fylgir nútímalandbúnaði. Í ljós kom að tvær þústir á svæðinu voru náttúrulegar en aðrar tóftir voru nokkuð gamlar og flest húsin í notkun einhvern tímann á tímabilinu milli 1104 - 1477. Mannvistarlög voru heilleg og ummerki um gólflög og torfveggi sáust

greinilega í borkjörnum. Þrátt fyrir að ekki hafi verið lagst í allsherjar greiningu á landnýtingu með skipulögðum hætti þá má nefna að í ljós kom byggingartorf hafði verið tekið austan við bæjarhólinn.

Samanlagt má því segja að vísbendingar skurða og borkjarna í hjábýli á rannsóknarsvæðinu bendi til að þau hafi byggt talsvert síðar en elsta byggð í dalnum og mögulega í flestum tilfellum eftir 1104 þótt ekki sé hægt að fullyrða það um Ytra-Tungukot (þar sem gjóskulagið fannst ekki í skurðinum þar). Þær vísbendingar sem fengust um eyðingu býlanna sumarið 2020 benda til að þau hafi lagst í eyði snemma, í sumum tilfellum jafnvel vel fyrir 1300 (eða a.m.k. 1477). Að þessu sögðu er rétt að ítreka að skurðir í túngarðana einir og sér eru ekki nóg til að staðhæfa með viss um eyðingu býlanna sjálfra þar sem vel er mögulegt að á þeim hafi verið búið þrátt fyrir að túngörðum hafi ekki verið haldið við. Þessar vísbendingar um aldur býlanna eru engu að síður forvitnilegar og væri áhugavert að kanna aldur fleiri býla á svæðinu í kjölfarið, þá helst bæði með skurðum í túngarða sem og borkjarnarannsókn í tóftir svo að hægt verði að staðhæfa með betri vissu um aldur þeirra og eyðingu.

Þær rannsóknir sem unnar voru að Hamri, Syðra-Tungukoti, Ytra-Tungukoti, Þverárkoti, Klaufanesi og Steindyrakoti fylla inn í þá mynd sem er að byrja að fást af upphafi og þróun byggðar á svæðinu en sumarið 2021 bættust rannsóknir á fleiri býlum í dalnum við í rannsóknum Tvídælu á svæðinu. Með hverjum skurði sem gerður er fást upplýsingar sem þétta netið og veita mikilvæg gögn um landnýtingu, efnisnotkun og tímaramma landnámsþrepa í dölunum tveimur, Svarfaðardal og Skíðadal.

Heimildir

Árni Daníel Júlíusson. 2016. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*. Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands/JPV útgáfa.

Árni Daníel Júlíusson. 2020. *A Tale of Two Valleys*. Reykjavík. The National Museum of Iceland.

Árni Daníel Júlíusson. 2022. "Á eyðibýlum Norðanlands – Um byggðarþróun í þremur héruðum Norðurlands á miðöldum." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 110*: 43-77.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku. Fornleifastofnun Íslands*. FS116-99091. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI. Fornleifar í innsta hluta Svarfaðardals (frá Göngustaðakoti) og í vestanverðum Skíðadal inn að Þverá. Fornleifastofnun Íslands*. FS144-00122. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI: Fornleifar í Skíðadal frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Sökku*. FS168-99093. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar í austanverðum Svarfaðardal austanverðum frá Skáldastöðum og meðfram Árskógsströnd suður að Litla-Árskógi*. FS204-99094. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004a. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIV: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum*. FS256-99095. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004b. "Excavations at Klaufanes, Northern Iceland". *Archaeologia Islandica 3*: 2004 pp. 112-120.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010. Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. FS452-10071. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj). 2020. Hamar og Hamarskot í Dalvíkurbyggð: Deiliskráning vegna frístundabyggðar og iðnaðarsvæðis. FS784-19351, Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) with contributions from Árni Daníel Júlíusson, Árni Hjartarson, Guðrún Alda Gunnarsdóttir, Howell Roberts, Ramona Harrison, Ruth Maher and Stefán Ólafsson. 2022. *Power, Wealth and the Plague in the Two Valleys: Field Report of 2021, Work Package 1 & 2*. FS871-21021. Reykjavík

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík.

ÍF: Íslensk fornrit I-, Reykjavík 1933-.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, X. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. 1943. "Skálarústin í Klaufanesi og nokkrar aðrar svarfdælskar fornleifar". *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1942-43*: 17-33.

Lilja Björk Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Árni Daníel Júlíusson. 2019. *Fornar minjar í og við Svarfaðardal: Könnunarskurði vegna undirbúnings verkefnisins Tveir dalir*. FS769-18201. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

Ómar Valur Jónasson. 2019. *Jarðsjármælingar á Klaufanesi í Svarfaðardal*. Unpublished summery of fieldwork in 2019.

„Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal": Þorsteinn Þorsteinsson. 1975. „Skýringar um örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal – Greinagerð og athugasemdir eftir Kristján Eldjárn". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1975. Blaðsíða 107-138.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags1839-1854. 1972. Eyfirzk fræði II, Akureyri. 1972.

Ö-Svarf*: Örnefnaskrá Svarfaðardals*, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Óútgefið: Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu,

Mynd frá 1954 frá Landmælingum Íslands, LI205-LI2-0501 https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn. Skoðað 29. apríl 2023.

Viðauki 1: Gjóskulagagreining

Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal sumarið 2020

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur
Netfang: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is

INNGANGUR

